

117. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs
7. 10. 2020 kl. 8:15 – 9:45

Fjarfundur settur kl. 8:15

Fundarstjóri: Ragnhildur Jónsdóttir

Ritari: Huguín Harpa Reynisdóttir

Mætt: Steinunn Hödd Harðardóttir, Kristín Hermannsdóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Bjarni Guðmundsson, Vilhjálmur Magnússon, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Hólmfríður Bryndís Þrúðmarsdóttir, Karl Friðriksson og Huguín Harpa Reynisdóttir.

Fjarverandi: Þorvarður Árnason og Hrafnkell Guðnason

- **Erindi FAS**

Eyjólfur sagði frá nokkrum verkefnum sem Framhaldsskólinn vinnur að um þessar mundir. Fjallaði hann sérstaklega um list- og menningarnám skólans, fjallamennskunámið, starfsþróun fjallamenskukennara og Nord+ verkefnið Geoheritage sem skólinn tekur þátt í og fjallar um náttúru- og staðarvitund.

- **Erindi SASS**

Bjarni sagði frá verkefni sem SASS vinnur að sem ber heitið Orkídea og er samstarfsverkefni um nýsköpun um orkuháða matvælaframleiðslu á Suðurlandi. Verkefnið er samstarfsverkefni SASS, Landsvirkjunar, Landbúnaðarháskólans og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins. Verkefnið er til fimm ára.

- **Nýsköpun á Hornafirði**

Huguín Harpa sagði frá stofnun samstarfshóps um nýsköpun á Hornafirði. Hópurinn var stofnaður af frumkvæði Nýheima þekkingarseturs og Vöruhúss en auk starfsmanna setursins og Vöruhúss er atvinnu- og ferðamálafulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar þátttakandi í hópnum. Hópurinn fundar reglulega til að fjalla um og vinna að málefnum nýsköpunar á Hornafirði.

Hópurinn hefur verið að vinna að skipuriti nýsköpunar á Hornafirði í þeim tilgangi að greina staðbundinn stuðning við frumkvöðla og nýsköpun. Sérstaklega hefur verið fjallað um mögulegar aðgerðir heima í héraði til aukins stuðnings við nýsköpun á svæðinu.

Huguín kynnti hugmyndir um stöðugildi nýsköpunar innan Nýheima þekkingarseturs. Felur hún í sér að sóst verði eftir fjármagni til að bæta við heilu stöðugildi innan setursins. Fengist það stöðugildi samþykkt væri hlutverk þess starfsmanns að leiða samstarf á sviði nýsköpunar og veita enn frekari stuðning til frumkvöðla á svæðinu.

Sagt var frá kennslubók um framtíðarrýni til að virkja ungt fólk til að huga að framtíðaráskorunum, fyrir sig og samfélagið. Bent var á að bókin gæti hentað sem hluti af áformum um nýsköpunarstarf í sveitarfélaginu. Bókin heitir *Að hugleiða framtíðir*, gefin út af Framtíðarsetri Íslands.

Umræður sköpuðust um málið og lýsti stjórn yfir ánægju sinni með framtakið og styður þá tillögu að sóst verði eftir stöðugildi til nýsköpunar.

- **Heimasíða og viðburðadagatal**

Hugrún Harpa sagði frá breytingum á heimasíðunni og viðburðadagatali. Það hún fulltrúa aðildarstofnana um að senda upplýsingar um viðburði á vegum stofnanna svo hægt væri að miðla þeim á heimasíðu setursins.

- **Ársfundur SÞS**

Hugrún sagði frá því að ársfundur Samtaka þekkingarsetra sem halda átti í Nýheimum hefði verið færður á fjarfundarform vegna aðstæðna í samfélaginu. Sérstakir gestir fundarins voru Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra og Þórarinn Sólmundarson sérfræðingi ráðuneytisins. Fundurinn var vel heppnaður og áttu fundarmenn gagnlegar samræður við ráðherra um málefni þekkingarsetrana.

- **Önnur mál**

Hugrún sagði frá námskeiðinu Kvöldstund með KVAN sem haldið var 28.september í Nýheimum. Mikil ánægja var með námskeiðið hjá bæði þátttakendum og leiðbeinendum KVAN. Nýheimar þekkingarsetur bauð ungmennum á aldrinum 16-20 ár námskeiðið þeim að kostnaðarlausu.

Hugrún sagði frá vinnuferð starfsmanna þekkingarsetursins til Húsavíkur í september. Heilsdags vinnufundur var haldinn um þau verkefni sem setrin vinna sameiginlega að og fengu starfsmenn Nýheima kynningu á starfsemi þekkingarnets Þingeyinga.

Fundi slitið 9:45

Ragnhildur Jónsdóttir
Hugrún Harpa Reynisdóttir